

Umsögn

frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
um tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks tákn máls 2024–2027 og aðgerðaáætlun.
154. löggjafarþing 2023–2024. Þingskjal 37. Stjórnartillaga.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fagnar þeirri stjórnartillögu um málstefnu íslensks tákn máls sem hér liggur fyrir. Markmið hennar eru afar mikilvæg hvort heldur horft er til þeirra einstaklinga sem mynda málsamfélag íslensks tákn máls eða til varðveislu og eflingar íslensks tákn máls sem hluta íslenskrar sögu og menningar.

Um einstaka liði:

- (1) Í fyrsta tölulið aðgerðaáætlunar, um meginstoð A, máltöku tákn málsbarna, segir:

Reynist barn vera með skerta heyrn verði snemmtækri íhlutun beitt til að tryggja viðkomandi barni og fjölskyldu þess öll úrræði sem koma barninu að gagni. Sé ástæða til verði foreldrum heyrnarlausra og heyrnarskertra barna bent á þjónustu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Ábyrgð: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Hér vekur athygli að ábyrgð á framkvæmdinni er aðeins lögð Samskiptamiðstöð á herðar. Ekki er tilgreint beinlínis hvernig og hvar það mat fari fram sem felst í orðunum „Sé ástæða til...“ (...að benda á þjónustu Samskiptamiðstöðvar). Hér væri e.t.v. rétt að tilgreina nánar hveijir beri ábyrgð á því að koma börnunum og þeirra málum á framfæri við Samskiptamiðstöðina. Til greina kæmu væntanlega heilsugæslustöðvar og leikskólar.

- (2) Í mörgum töluliðanna um meginstoð A í aðgerðaáætlun er vikið að námi og kennslu. Þar er þó ekki sérstaklega getið um þátt máltækni í því sambandi, og ekki heldur í greinargerð, *Um einstaka þætti málstefnunnar*. En um meginstoð F, máltækni, segir í aðgerðaáætlun að unnið verði að því að „þróa umhverfi til fjarnáms og fjarkennslu íslensks tákn máls“ og í greinargerð, *Um einstaka þætti málstefnunnar*, lið F, um máltækni, er minnst á „gerð námsefnis, leiðir til fjarnáms og fjarkennslu“. Hér væri eðlilegt að vísa milli liðanna A og F, þ.e. að það komi á einhvern hátt fram í sambandi við umfjöllun í A um nám í og um

íslenskt táknmál að máltækni geti þar komið að gagni; og á sama hátt þyrfti í umfjölluninni um meginstoð F að vísa til samspils máltækni og námsefnis, náms og kennslu, sbr. lið A.

(3) Aðgerðaáætlun undir lið C, jákvætt viðhorf, ber með sér að skilningur er á því hve náíð samband getur verið milli jákvæðra viðhorfa og stöðu, sýnileika og notkunarmöguleika tiltekins tungumáls. Hvað varðar fyrsta tölulíðinn undir lið C, jákvætt viðhorf, mætti þó e.t.v. leggja til annað orðalag. Þar segir:

Stjórnvöld vinni að því að ávörp, stefnur, upplýsinga- og kynningarefni og opinberir viðburðir séu á íslensku táknmáli.

Þar sem þetta er í bláupphafi liðanna um jákvætt viðhorf mætti e.t.v. skilja þessa klausu á þann veg að það sem standi í viðkomandi skjölum sé efnislega mikilvægt til að táknmálssamfélagið hafi jákvætt viðhorf til eigin tungumáls. En í samræmi við yfirmarkmiðin um jákvætt viðhorf gæti þarna verið til skýrleiksauka að breyta orðalaginu. Það mætti e.t.v. gera eitthvað á þessa leið: „Stjórnvöld vinni markvisst að því að strórauка sýnileika íslensks táknmáls í opinberum gögnum, svo sem með því að ávörp, stefnur, upplýsinga- og kynningarefni og opinberir viðburðir séu á íslensku táknmáli.“

(4) Í greinargerð með stjórnartillögum, *Um einstaka þætti málstefnunnar*, segir um lið E (lagaumhverfi):

Á Íslandi hefur staða íslensks táknmáls verið tryggð með lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Nauðsynlegt er að ríki og sveitarfélög framfylgi þeirri lagasetningu sem er frá árinu 2011.“

Stofnunin tekur undir það sem þarna kemur fram enda hafa athuganir á áhrifum lagasetningarinnar sýnt að henni þarf að fylgja markvisst eftir með aðgerðum og betur en gert hefur verið.¹

¹ Sjá m.a. þennan bókarkafli: Valgerður Stefánsdóttir, Ari Páll Kristinsson og Júlía G. Hreinsdóttir. 2019. The Legal Recognition of Icelandic Sign Language: Meeting Deaf People's Expectations? *The Legal Recognition of Sign Languages. Advocacy and Outcomes Around the World*. Maartje De Meulder, Joseph J. Murray og Rachel McKee (ritstj.). Bristol: Multilingual Matters. 238-253.

(5) Stofnunin telur það afar góða hugmynd að gera dag íslenska táknmálsins 11. febrúar að fánadegi, líkt og er um dag íslenskrar tungu. Þannig yrði árlega minnt sérstaklega á tilvist og gildi íslensks táknmáls í samfélaginu og það myndi undirstrika þá staðreynd að tvö tungumál, og ekki aðeins eitt, njóta opinberlegrar viðurkenningar héraðs.

Reykjavík 19/12 2023

F.h. Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum,

Helga Hilmisdóttir

sviðsstjóri íslenskusviðs